

Sumarbústaðafélagið Norðurnes

Skýrsla stjórnar 2016-2017

Sumarbústaðafélagið Norðurnes var stofnað 3. júní 1976 og er því að ljúka 40. starfsári sínu. Í félaginu eru í dag alls 60 lóð í eigu 56 aðila, eða tveimur færri en á síðasta ári (vegna sameininga). Á svæði 1 eru 20 lóðir, á svæði 2 eru 30 lóðir og á svæði 3 eru 10 lóðir. Á lóðunum eru 46 sumarhús. Auk þessara lóða eru 26 óskipulagðar lóðir á svæði 3 í eigu Kjósarhrepps. Síðasti aðalfundur var haldinn 27. Apríl 2016. Á fundinn mættu 38 einstaklingar frá 36 lóðum.

Stjórnarstarf á árinu

Á rekstrarárinu 2016-2017 hefur stjórnin haldið tvo stjórnarfundum þar sem rætt var um vatnsveitu, hitaveitu og vegamál. Auk funda hafa þónokkrir tölvupóstar og símtöl gengið manna á milli. Fréttir af hinu og þessu hafa borist á heimasíðu félagsins meðlimum þess til ánægju og yndisauka.

Stjórnin hefur verið að vinna í því að fá samþykki fyrir sameiginlegu hliði fyrir allt svæðið og það er komin hreyfing á málið. Einnig hefur verið unnið með Kjósarveitum að yfirvofandi hitaveitulögnum.

Fundargerðir og önnur skjöl eru aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Rekstur og fjárhagsstaða

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að fara í framkvæmdir á vatnsveitu og meðlimir borguðu aukagjald sem var 32.000 kr til að standa straum af þeim kostnaði. Auk þess var árgjald 15.000 kr. Heildartekjur námu u.þ.b. 3.3M kr og heildarútgjöld u.þ.b. 2.9M kr.

Sjá nánar skýrslu gjaldkera.

Helstu verkefni síðasta starfsárs

Farið var í umfangsmiklar framkvæmdir á vatnsveitu til að koma í veg fyrir vatnsskortinn sem hefur hrjáð félagsmenn undanfarin ár, helst þá í ágústmánuði.

Einar Arason (nr 62) og Benedikt Svavarsson (nr 1) stóðu fyrir framkvæmdum og fengu Jón nokkurn kenndan við Tap til verksins auk annarra úr félaginu. Verkefnið fór u.þ.b. 25% fram úr kostnaðaráætlun en því lauk í lok júlí 2016. Í ágúst varð vatnslaust og nýja neyðarveitan var tengd inn og virkaði hún til þess sem hún var ætluð en heldur lítill þrýstingur var þó á efri hlutum svæðis 3.

Úlfhildur og Sveinn Val (nr 42) sáu um brennuna þetta árið og heppnaðist hún mjög vel. Við lentum í vandræðum með að hreinsa til eftir brennuna þar sem Jón á Hálsi, sem annast hefur þetta síðastliðin á var ekki viðlátinn.

Sett var upp ný myndavél við bústað nr. 74 sem vísar í norður. Hún er betur staðsett en þessi gamla og myndirnar eru með betri gæðum. Einnig er rauntímamynd aðgengileg. Netsambandið hefur verið nokkuð stopult yfir veturinn en það hefur mestmegnis verið vandamál hjá 365 miðlum.

Veturinn var mjög snjóléttur og einungis þurfti að moka einu sinni. Vegir inná svæðin urðu snjólausir mjög snemma vors m.v. fyrri ár.

Haldinn var gróðradagur í júní þar sem þónokkrir tóku sig saman til að slá lúpínu og kerfil. Anna Vala og Sjonni (nr. 15) skipulögðu daginn og vel gekk.

Hitaveitan er á góðri leið og við höfum fengið það staðfest að hún verður lögð í Norðurnesið seinni part sumars. Jón formaður mun taka sæti í stjórn Kjósaveitna á næsta aðalfundi þeirra sem verður líklega á næstunni.

Áhersluatriði næsta starfsárs

Helsta áhersla næsta starfsárs verður að sjá til þess að lagning hitaveitu gangi sniðrulaust fyrir sig. Að þeim sökum var ákveðið að fara ekki í neinar frekari framkvæmdir að svo stöddu.

Haldið verður áfram að vinna að undirbúningsvinnu að sameiginlegu hliði og að stofna vegasamlag til að halda utan um rekstur á því hliði og veginum fyrir utan svæðin okkar.

Breytingar á eignahaldi

Lóð nr 56 er nú í eigu Sigurðar og Önnu sem ætla að reisa bústað í sumar. Bústaður nr. 33 er nú í eigu Björgvins og Birnu. Við bjóðum nýja fólkið innilega velkomið í félagið og vonum að þau eigi eftir að eiga góðar stundir í Norðurnesinu.

Stjórnin þakkar fyrir það traust sem henni hefur verið sýnt og vonar að störf hennar hafi reynst árangursrík fyrir félagið.

Stjórnina skipuðu:

- Jón Bjarnason (nr 74) - Formaður
- Guðrún María Gísladóttir (nr 59) - Ritari
- Sigurjón Friðjónsson (nr 15) - Gjaldkeri
- Hörður Geirlaugsson (nr 17) - Meðstjórnandi
- Birna Markúsdóttir (nr 32) - Meðstjórnandi

Skoðunarmenn reikninga:

- Geir Hauksson (nr 44)
- Karl Arthursson (nr 10)

Veganefnd:

- Einar Sveinn Arason (nr 62)
- Sigurjón Friðjónsson (nr 15)

Brennunefnd:

- Sveinn Val (nr 42)
- Úlfhildur Guðmundsdóttir (nr 42)

Vatnsveitunefnd:

- Benedikt Svavarsson (nr 1)
- Einar Sveinn Arason (nr 62)

Girðinganevnd:

- Valur Magnússon (nr 14)
- Védís Gunnarsdóttir (nr 14)